

L Ö G

36
27. júní

um

skiftingu ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

Hólssókn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sjerstakt prestakall.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

L Ö G

37
27. júní

um

breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til
þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi 1. gr. laganna: „Á meðan gengi á sterlings-
pundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni
heimild til þess að“ skal koma:

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1927 að,